

Styrktarsjóður SSF – úthlutunarreglur – í gildi frá 01.09.2018.

Tilgangur Styrktarsjóðs SSF

Meginverkefni Styrktarsjóðs SSF er að greiða dagpeninga til félagsmanna sem missa laun vegna sjúkdóma eða slysa. Einnig að styrkja félagsmenn sína við ýmsar fyrirbyggjandi skoðanir og meðferðir, s.s. krabbameins- og hjartaskoðun og sjúkraþjálfun. Hér á eftir er upptalning á öllum styrkjum, sem hægt er að sækja um.

Sjóðurinn er eingöngu fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af grunnlaunum starfsmanna. Þar sem fjármagn sjóðsins er takmarkað verður einnig að takmarka til hvaða málaflokka er greitt hverju sinni. Úthlutunarreglur eru í stöðugri endurskoðun, með tilliti til þess að hægt sé að sinna meginverkefnum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins vill vekja athygli á því að í hvert sinn sem sótt er um styrk, þarf að skila rafrænu umsóknarblaði í gegnum Mínar síður SSF og skönnuðu afriti af frumritum reikninga, ásamt beiðni eða vottorðum sé þess krafist í úthlutunarreglunum.

Kostnaður við umbeðin læknisvottorð er endurgreiddur gegn framvísun frumrits reikninga.

Réttur í sjóðinn miðast við það tímabil sem viðkomandi greiðir félagsgjald til SSF og þarf sú þjónusta sem sótt er um endurgreiðslu vegna að hafa verið veitt á því tímaili. Hætti félagsmaður störfum hjá fjármálafyrirtæki eftir að hafa greitt félagsgjald samfellt í að minnsta kosti 6 mánuði á viðkomandi fullan rétt á almennum styrkjum úr Styrktarsjóði í 6 mánuði eftir síðustu launagreiðslu frá fjármálafyrirtæki.

Styrkir eru aldrei greiddir vegna reikninga sem eru eldri en 12 mánaða. Sama á við um þjónustu sem veitt hefur verið félagsmanni fyrir meira en 12 mánuðum.

1. Sjúkradagpeningar

Sjúkradagpeningar eru einungis greiddir þeim sem eru í starfi, en lenda tímabundið út af launaskrá. Félagsmenn fá greitt miðað við starfshlutfall sl. 12 mánuði. Dagpeningarnir eru 80% af launum, hámarksgreiðsla er kr. 650.000 (80% af kr. 812.500). Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 6 mánuði vegna veikinda félagsmanna, maka þeirra eða barna.

2. Sjúkraþjálfun/nudd

Sjóðurinn greiðir styrk vegna meðferðar hjá löggiltum sjúkraþjálfara, sjúkranuddara, kírópraktor eða sambærilegrar meðferðar í allt að 30 skipti á hverjum 12 mánuðum. Styrkurinn er að hámarki kr. 2.500 fyrir hvert skipti, þó aldrei hærri en 75% af kostnaði. Á kvittun þarf að koma fram dagsetning sem þjónusta var veitt ásamt fjölda skipta.

3. Krabbameinsskoðun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna hefðbundinna krabbameinsskoðana hjá Krabbameinsfélaginu eða öðrum viðurkenndum aðilum, auk framhaldsskoðana vegna krabbameinsleitar, t.d. blöðruháls og ristilskoðanir. Endurgreitt er að hámarki kr. 100.000 á hverjum 12 mánuðum.

4. Hjartaskoðun - áhættumat

Sjóðurinn greiðir styrk vegna áhættumatsskoðunar hjá Hjartavernd eða öðrum viðurkenndum aðilum. Endurgreitt er að hámarki kr. 100.000 á hverjum 12 mánuðum.

5. Sálfræðimeðferð

Sjóðurinn greiðir styrk vegna meðferðar hjá eftirtöldum viðurkenndum meðferðaraðilum: félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, geðlækni eða sálfræðingi. Styrkurinn er greiddur fyrir 10 skipti á hverjum 12 mánuðum að hámarki kr. 10.000 fyrir hvert skipti. Á kvittun þarf að koma fram dagsetning sem þjónusta var veitt ásamt fjölda skipta.

6. Göngugreining og hjálpartæki

Sjóðurinn greiðir styrk vegna göngugreiningar og kaupa á innleggjum, meðgöngubeltum og öðrum minniháttar hjálpartækjum. Endurgreitt er að hámarki kr. 20.000 á hverjum 12 mánuðum. Um önnur hjálpartæki fer samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

7. Foreldranámskeið

Sjóðurinn greiðir styrk vegna hvers konar foreldranámskeiða. Endurgreitt er að hámarki kr. 15.000 á hverjum 12 mánuðum.

8. Reykingar

Sjóðurinn greiðir styrk til þeirra sem sækja námskeið til að hætta að reykja hjá viðurkenndum aðilum s.s. Krabbameinsfélaginu og heilsuverndarstöðvum. Endurgreitt er að hámarki kr. 25.000 á hverjum 12 mánuðum.

9. Dvöl á heilsustofnun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna meðferðar á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði eða á sambærilegum stað/stofnun allt að kr. 5.000 á dag í allt að 28 daga á hverjum 12 mánuðum. Á kvittun þarf að koma fram hversu marga daga viðkomandi hefur dvalið.

10. Þyngdarstjórnun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna námskeiða sem haldin eru vegna þyngdarátaks samkvæmt læknisráði. Skila verður beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda ásamt frumriti reikninga. Endurgreitt er að hámarki kr. 100.000 á hverjum 12 mánuðum.

11. Sjóngler

Sjóðurinn greiðir styrk vegna kaupa á dýrum sjónglerjum einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Styrkurinn er 50% af verði sjónglerja sem kosta kr. 35.000 eða meira, en ekki umgjörða, þó er aldrei greidd hærri upphæð en kr. 70.000. Kvittun þarf að vera sundurliðuð og sýna verð sjónglerja.

12. Linsur

Sjóðurinn greiðir styrk vegna augnlinsa, styrkurinn er 50% af verði augnlinsa, þó er aldrei greidd hærri upphæð en kr. 20.000 á hverjum 12 mánuðum.

13. Laseraðgerðir á augum / Augnsteinsaðgerð

Sjóðurinn greiðir styrk vegna laseraðgerða á augum og augnsteinsaðgerða. Endurgreitt er að hámarki kr. 100.000 á hverjum 12 mánuðum.

14. Tækni-glasafrjógungun-ættleiðingar

Sjóðurinn greiðir styrk vegna tækni- og glasafrjógungana svo og ættleiðinga. Endurgreitt er að hámarki kr. 350.000 á hverjum 12 mánuðum.

15. Heyrnartæki

Sjóðurinn greiðir styrk vegna kaupa á heyrnartækjum. Endurgreitt er að hámarki kr. 150.000 á hverjum 12 mánuðum.

16. Útfararstyrkir

Sjóðurinn greiðir útfararstyrk við andlát félagsmanns SSF, sem er í starfi við andlát. Upphæð útfararstyrks er kr. 350.000. Heimilt er að greiða vegna andláts barna 20 ára og yngri, enda hafi barn sannarlega verið á framfæri félagsmanns SSF.

Samþykkt á fundi stjórnar Styrktarsjóðs SSF þann 23. ágúst 2018 og gildir frá 1. september 2018.

Athugið að greiðslur úr styrktarsjóði eru skattskyldar, en aðeins er tekin staðgreiðsla af sjúkradagpeningum (ekki almennum styrkjum) svo skattur af þeim greiðist í álagningu næsta árs.

Stjórn Styrktarsjóðs SSF